

Fundur 15.5.2023 Sigtryggur Guðmundsson, faðir Hauks gamals félaga.

Komið þið allir blessaðir og sælir.

Gaman að tengjast ykkur.

*Komdu blessaður og velkominn.*

Oft var það hér á árum áður að ég var hvattur til að koma í sambandið og vildi ég ekki trana mér fram.

Og var ég oft á faraldsfæti um hnöttinn og hitti ég þó börnin mín og vissi ég vel af því að meðal ykkar var afkomandi minn, sonur og hafði ég dulin áhuga á þessum fræðum, þótt ekki hafi ég átt slíkar bækur sjálfur, en las ég blöðin og vakti það áhuga minn.

Og var rætt um alla heima og geima á heimilinu og hefði ég viljað hafa meiri tíma til að íhuga slíka hluti, en tími var ekki til þess og þurfti ég að sinna vinnu minni.

Var það mér sannarlega undrunarefni, þegar ég kom fram á þessari framlífs jörð, þar sem ég hafði í raun ekki trúað því að lausnin á lífsgátunni væri svo einföld sem Helgi Pjeturss setti fram í bókum sínum og fjölmiðlum, þótt ekki hafi ég kunnað skil á þeim kenningum til hlítar, hafði ég einhverja hugmynd og var það mér undrunarefni að ekki skildi sálin fara í gegnum hreinsunareld og að ekki skildi maðurinn standa frammi fyrir dómara eins og boðað var í trúarbrögðum og að ég skyldi koma fram á hnetti í líkama, í nokkuð svo svipuðu ástandi og ég skildi við, nema sá líkami var yngri.

Og var hugur minn sem á reiki hvað hafði gerst og var það undarlegt að þurfa að hugsa þetta allt upp á nýtt, en hélt ég áfram með æfistarf mitt og leitaði ég mér að samskonar viðfangsefnum og ég hafði fengist við og voru mér ættingjar framlíðnir og kunningjar á jörðinni, mér til aðstoðar er ég hingað kom yfir.

Hef ég nú dvalið meira með fyrrverandi fjölskyldu minni og er hún orðin miklu fjölmennari en hún var og ætlar hann að reyna að tala við ykkur við tækifæri eins fljótt og hægt er, en vildi ég einnig koma með erindi sem ég hafði skrifað niður úr sérsviði mínu fyrir nokkrum árum og ætlaði þá að koma í gegn í sambandinu en voru þá aðrir fyrri til.

Lærði ég á sínum tíma þegar ég hingað kom yfir að yfirvöldin á þessum hnetti reyna að fá okkur til að nota hinar fingerðari vélar sem hér finnast og háþróaðri og eða þá að nota eingöngu líforkuna til að flytjast á milli staða.

En það sem ég held að ekki hafi komið fram hjá ykkur á fundum sem ég hef setið sem gestur er að atvinnu hættir eru hér fjölbreytilegri en í fyrstu virðist og til eru lítil og fámennari samfélög sem notfæra sér eldri tækni, eins og til dæmis vélabúnað þann sem þekktist á jörðinni og notfærði ég mér þar kunnáttu mína og nám mitt og þekkingu og hélt áfram að starfa við vélbúnað.

En fór ég hér á námskeið og fór á skólabekk er ég hafði verið hér nokkra áratuga skeið og nokkur, lærði ég fjölda margt sem lítur að tækni eins og þeirri sem komin er fram að ég held á ykkar jörðu eins og með ýmsum orkugjöfum og lífgeisla orku sem fær fólk til að svífa og ferðast um í farartækjum með samstillingunni og er okkur beint að því að nota þau farartæki, en hér er það þó megin regla að ekki má setja íþyngjandi reglur sem neyða fólk til breytinga án þess samþykkis eða eigin sjálfstæða vilja.

Lærði ég vélsmíði og starfaði við skip er ég hingað kom, Sigtryggur Guðmundsson faðir Hauks Sigtryggssonar.

*Vertu velkomin, gaman að heyra í þér.*

Biður hann að heilsa ykkur.

*Já takk fyrir það, við biðjum að heilsa honum,*

*Já það er svo mikill kraftur í þér að þú ert bara svífandi.*

Þakka þér fyrir.

Áður en ég kveð vil ég senda kveðju frá manni sem ég hef hér hitt og starfar í sama fagi og ég, Jón heitir hann og er afi miðilsins.

*Jaá, jaá.*

Höfum við reynt að fá hann til að koma í sambandið en þetta kann að hjálpa til að einhver með svipaða reynslu komi í gegn.

Já þakka ég fyrir og ætla ég nú að kveðja, ánægjulegt samband.

*Þökkum þér fyrir komuna og biðjum að heilsa.*